

# **Greinargerð**

**um áætlaða rekstrarstöðu  
heilbrigðisstofnana í árslok 1999**

**Nóvember 1999**



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>AFKOMUHORFUR Í ÁRSLOK 1999</b> .....	<b>7</b>
SAMANBURÐUR Á ÁETLAÐRI ÚTKOMU 1999 OG REKSTRARNIÐURSTÖÐU ÁRIÐ 1998 .....	8
<b>FJÁRVEITINGAR (REKSTRARHEIMILDIR)</b> .....	<b>9</b>
STAÐA FJÁRVEITINGA ÁRIÐ 1999 .....	9
FJÁRVEITING FJÁRLAGA ÁRIN 1998/1999 .....	9
<b>ÁETLANAGERÐ STOFNANA</b> .....	<b>11</b>
NIÐURSTÖÐUR.....	11
<b>FRAMKVÆMD KJARASAMNINGA</b> .....	<b>13</b>
NIÐURSTÖÐUR.....	14
<b>ÞRÓUN LAUNAKOSTNAÐAR Í HEILBRIGÐISKERFINU 1997 - 1999</b> .....	<b>15</b>
LAUNABREYTING 1997 TIL 1999 .....	15
FRAMKVÆMD KJARASAMNINGA .....	15
LAUNABREYTINGAR HJÁ LÆKNUM .....	16
LAUNABREYTINGAR HJÁ HJÚKRUNARFRÆÐINGUM.....	17
LAUNABREYTINGAR HJÁ ÖÐRUM STARFSSTÉTTUM.....	18
NIÐURSTÖÐUR.....	18
<b>FYLGISKJAL 1 - TEKJUAFKOMA SJÚKRASTOFNANA Á ÁRINU 1999 SAMTALS</b> .....	<b>21</b>
<b>FYLGISKJAL 2 - ÁETLUÐ ÚTKOMA 1999 OG REKSTUR 1998 SAMTALS</b> .....	<b>25</b>
<b>FYLGISKJAL 3 - LAUNAÚTGJÖLD 1997 - 1999 SAMTALS</b> .....	<b>29</b>



## Inngangur

Með bréfi, dags. 23. september 1999, fóru heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún kannaði rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana, þ.e. sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva. Enn fremur var þess farið á leit að mat yrði lagt á rekstrarstöðu þeirra í árslok 1999. Sérstaklega var óskað eftir að áætlunargerð stofnananna yrði athuguð og hvernig stjórnendur bregðast við ef áætlanir þeirra standast ekki. Að lokum var óskað eftir athugun á því hvernig staðið hefði verið að gerð og framkvæmd kjarasamninga og aðlögunarsamninga stofnananna. Fyrirhugað væri að hafa niðurstöður og upplýsingar sem fram kæmu í framangreindri könnun til hliðsjónar við endurskoðun á framlögum í fjárlögum fyrir árið 1999 og hugsanlega við endurskoðun á framlögum og öðrum aðgerðum til að rekstur stofnananna yrði í jafnvægi á árinu 2000.

Ríkisendurskoðun féllst á að verða við framangreindri beiðni ráðuneytanna. Með bréfi, dags. 5. október sl., sendi stofnunin 97 heilbrigðisstofnunum sem könnunin náði til beiðni um tilteknar upplýsingar um fjármál vegna ársins 1999. Óskað var eftir að þeir skiluðu umbeðnum upplýsingum eigi síðar en 15. október sl. Flestir skiluðu þeim á umbeðnu tímamarki.

Eftir að hafa unnið úr innsendum gögnum hélt stofnunin fundi með stjórnendum 20 heilbrigðisstofnana sem athuginin náði til. Þar sem m.a. var leitað eftir viðhorfum þeirra til fjárlagagerðar auk stjórnunar- og upplýsingakerfa sem þeir notuðu við stýringu á fjármálum stofnananna. Þá var aflað upplýsinga um hvernig staðið var að gerð aðlögunarsamninga og um þær aðgerðir sem þegar hafði verið gripið til að mæta fyrirhuguðum rekstrarhalla.

Með greinargerð þessari fylgja þrjú yfirlit:

- a) Samanburður á fjárlögum 1999 við áætlaða afkomu heilbrigðisstofnana á árinu ásamt tekjuhalla frá fyrra ári.
- b) Samanburður á rekstrarniðurstöðu ársins 1998 við áætlaða útkomu ársins 1999.
- c) Samanburður á launaútgjöldum ársins 1997 til 1999. Fjárhæðir ársins 1999 eru áætlaðar.

Yfirlit þessi skiptast eftir þjónustusviðum heilbrigðisstofnana með sama hætti og gert er í fjárlögum ásamt heildarsamtölum.

Ríkisendurskoðun þakkar forstöðumönnum heilbrigðisstofnananna fyrir skjót viðbrögð og greið svör. Ennfremur þakkar hún starfsmönnum heilbrigðisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og launadeilda sjúkrahúsanna í Reykjavík aðstoð við gerð þessarar greinargerðar.



## Afkomuhorfur í árslok 1999

Í fjárlögum ársins 1999 var áætlað að framlög ríkissjóðs til þeirra stofnana sem könnunin náði til næmu 29.780 milljónum króna. Stofnanirnar gera nú hins vegar ráð fyrir að framlögin þurfi að nema 34.742 milljónum króna. Hækkunin nemur því um 4.962 milljónum króna. Heilbrigðisráðuneytið hefur nú þegar mætt hækkuninni með því að auka framlög til stofnana af safnliðum ráðuneytisins um 1.331 milljón króna. Fjárvöntun nemur því 3.631 milljónir króna. Þessu til viðbótar er óleystur rekstrarhalli frá fyrri árum að fjárhæð 586 milljónir króna. Því er rekstrar- og fjárhagsvandi í árslok 1999 áætlaður 4.217 milljónir króna. Tekið skal fram að áætlunin um afkomu í árslok þessa árs er byggð á áætlun forstöðumanna þeirra stofnana sem athugunin náði til.

### Afkomuhorfur í árslok 1999

Í m. kr.	Framlög	Áætl. útkoma	Frávik
Gjöld umfram sértekjur	31.111	34.742	3.631
Halli frá fyrra ári	-	586	586
Samtals	31.111 <sup>1)</sup>	35.328	4.217

1) Innifalið 1.331 m.kr. millifærðar af safnliðum heilbrigðisráðuneytisins á fjárlög 1999.

Ofangreindar fjárhæðir eru á rekstrargrunni en ætla má að greiðsluþörf sé um hálfum milljarði króna minni.

Helstu skýringarnar á 3.631 m.kr. fjárþörf heilbrigðisstofnana í ár umfram samþykktar heimildir eru fyrst og fremst þær að áætlaður launakostnaður er um 2.300 milljónum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Önnur gjöld hafa jafnframt hækkað um 1.300 milljónir króna umfram áætlanir.

Talið er að launakostnaður án launakostnaðar sem fjármagnaður er með vistgjöldum milli árána 1999 og 1998 hækki um 13,5% sem er 10% meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Í fjárlögum er hækkun launa áætluð 3,5% milli árána 1999/1998. Athugun Ríkisendurskoðunar sýnir t.d. að hækkun launa lækna, hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks milli þessara ára er mun meiri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Áætlað er að hækkun annars kostnaðar milli árána 1999 og 1998 verði um 12% sem er tæplega 10% meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Hækkunir lyfja- og rannsóknæfna, læknavaða, tækja og áhalda hafa orðið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Óbættur tekjuhalli frá fyrra ári að fjárhæð 586 milljónir króna á að mati Ríkisendurskoðunar að stórum hluta rætur að rekja til hækkunar launakostnaðar lækna umfram það sem gert var ráð fyrir í kjarasamningum þeirra eða sem nemur 10 - 15% milli árána 1997 og 1998.

**Samanburður á áætlaðri útkomu 1999 og rekstrarniðurstöðu árið 1998**

Áætlun stofnana um afkomu ársins 1999 sýnir að heildarútgjöld umfram sértekjur nema 35.485 milljónum króna í samanburði við 30.826 milljónir króna á árinu 1998. Hækkunin nemur því um 15,1%.

**Samanburður áætlaðrar útkomu 1999 við rekstur 1998**

Í m.kr.	Áætl. útkoma 1999	Rekstur 1998	Mism.	%
Launagjöld	26.324	23.431	2.893	12,3
Önnur gjöld	11.243	10.024	1.219	12,2
	<b>Samtals</b>	<b>33.455</b>	<b>4.112</b>	<b>12,3</b>
Sértekjur	(2.082)	(2.629)	547	(20,8)
	<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>30.826<sup>1)</sup></b>	<b>4.659</b>	<b>15,1</b>

1) Innifalið í fjárhæð eru 744 milljónir króna vegna útgjalda sem fjármagnaðar eru af vistgjöldum og öðrum aðilum hjá hjúkrunarheimilum og daggjaldastofnunum til þess að gera samanburðurinn raunhæfan.

Ef áætlanir forstöðumanna heilbrigðisstofnana um útgjöld á árinu 1999 ganga eftir hækkar launakostnaður um 12,3% milli árana 1999 og 1998. Hækkun launakostnaðar er umtalsvert meiri en forsendur og heimildir fjárlaga gera ráð fyrir. Um ástæður þess að hækkun launa á árinu 1999 hefur þróast með þessum hætti vísast til kaflans um þróun launakostnaðar í heilbrigðiskerfinu á árunum 1997 til 1999.

Skýring á hækkun annarra rekstrargjalda umfram verðlag má einkum rekja til hækkana lyfjakostnaðar, rannsóknarefna, læknavara, tækja og áhaldna. Á móti hækkaði matvara ekki eins mikið og þessir kostnaðarliðir á umræddu tímabili.

Lækkun sértekna skýrist einkum af breyttum reikningsskilaaðferðum í tengslum við færslu framlaga ríkissjóðs vegna svokallaðra „Verktakagreiðslna til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.“



## Fjárveitingar (rekstrarheimildir)

### Staða fjárveitinga árið 1999

Fjárlög ársins 1999 gera ráð fyrir að framlög A-hluta ríkissjóðs til þeirra heilbrigðisstofnana sem athugun þessi nær til nemi alls 29.780 milljónum króna. Til viðbótar framangreindri fjárhæð eru um 1.410 milljónir króna óskipt á safnliðum hjá heilbrigðisráðuneytinu til aukningar á framlögum einstakra stofnana sem ráðuneytið tekur ákvörðun um innan fjárhagsársins. Í lok októbermánaðar sl. hafði heilbrigðisráðuneytið ráðstafað 1.331 milljón króna af safnliðum og eru því 79 milljónum króna óráðstafað. Því nema framlög til heilbrigðisstofnana af fjárlögum ársins 1999 nú alls 31.190 milljónir króna. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1999 er lagt til að Alþingi auki framlög til heilbrigðisstofnana um 1.990 milljónir króna.

#### Yfirlit um framlög (rekstrarheimildir) og áætlaða afkomu í árslok 1999

	m.kr.
Fjárlög 1999, beint framlög til stofnana	29.780
Ráðstafað af safnliðum til loka októbermánaðar 1999	1.331
Óráðstafað af safnliðum	79
	Samtals framlög fjárlaga
Áætluð útgjöld umfram sértekjur	31.190 (34.742)
	Tekjuhalli án aðgerðar 1999
Tekjuhalli frá fyrra ári	3.552
	Tekjuhalli alls í árslok 1999
Tillaga að viðbótarframlagi skv. fjárukalagafrumvarpi	586
	4.138
	(1.999)
	Óleystur vandi
	2.148

Áætlanir stofnana um fjárþörf í árslok 1999 eru 34.742 milljónir króna en framlög á fjárlögum eru 4.138 milljónum króna lægri. Í fjárukalögum fyrir árið 1999 sem er til afgreiðslu á Alþingi er gerð tillaga um viðbótarframlag sem nemur 1.990 milljónum króna til heilbrigðisstofnana. Þó fallist yrði á þær viðbótarheimildir sem sótt er um í fjárukalagafrumvarpinu yrði vandi sem svarar til 2.148 milljónum króna enn óleystur.

### Fjárveiting fjárlaga árin 1998/1999

Fjárlög ársins 1998 gerðu ráð fyrir að framlög til heilbrigðisstofnana næmu um 29.300 milljónum króna. Í fjárukalögum fyrir það ár voru samþykkt viðbótarframlög að fjárhæð 1.500 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð voru áætlaðar um 500 milljónir króna til að mæta halla fyrri ára. Þannig námu framlög ársins 1998 um 30.300 milljónum króna. Rekstrarafkoma heilbrigðisstofnana á árinu 1998 sýnir fjárþörf er nemur 30.200 milljónum króna. Af þessu má ráða að fjárveiting á fjárlögum og í

fjárukalögum á árinu 1998 hefur mætt allri fjárþörf þeirra heilbrigðisstofnana sem athugun þessi náði til og um 600 milljónir króna til að mæta halla fyrri ára.

#### Framlög á fjárlögum í samanburði við afkomu

Í m.kr.	Fjárlög	Fjárukalög	Samtals	Afkoma	Mismunur
Árið 1998	29.300	1.500	30.800	30.200	600
Árið 1999	31.200	2.000 <sup>1)</sup>	33.200	34.700 <sup>2)</sup>	(1.500)

1) Tillaga í frumvarpi til fjárukalaga 1999

2) Áætluð útkoma á árinu 1999

Í fjárlögum 1999 er gert ráð fyrir að framlög nemi 31.200 milljónum króna sem er 3,3% hækkun frá niðurstöðu rekstrar árið 1998 og 6,5% hækkun frá fjárlögum ársins 1998. Áætlun um afkomu í árslok 1999 gerir ráð fyrir að fjárþörf nemi 34.700 milljónum króna sem er 18,5% hækkun frá fjárlögum árið 1998. Fjárþörfin er hærri en forsendur fjárlaga ársins 1999 gerðu ráð fyrir eða sem nemur 3.500 milljónum króna. Mismunur þessi skýrist að 2/3 af hækkun launakostnaðar umfram forsendur fjárlaga eða sem svarar 2.300 milljónum króna og hækkun annars rekstrarkostnaðar að 1/3 hluta eða sem svarar um 1.200 milljónum króna.

## Áætlanagerð stofnana

Á þeim skamma tíma sem Ríkisendurskoðun hafði til ráðstöfunar við gerð athugunar þessarar var ekki tækifæri til þess að kanna nákvæmlega áætlanagerð einstakra heilbrigðisstofnana og hvernig stjórnendur beita þeim við fjárhagslega stjórnun innan ársins. Stofnunin mun hins vegar við endurskoðun reikninga heilbrigðisstofnana vegna reikningsársins 1999 gera nákvæmari könnun á þessu atriði.

Eins og fram hefur komið brugðust flestir forstöðumenn heilbrigðisstofnana sem athugun þessi náði til vel við þegar þeir voru beðnir um upplýsingar um fjárhagsstöðu og áætlun um afkomuhorfur í árslok 1999. Enn fremur kom fram í viðræðum við forstöðumenn þeirra 20 stofnana sem Ríkisendurskoðun ræddi sérstaklega við að fyrir hendi eru hjá stofnunum fjárhagslegar upplýsingar sem gefa trúverðuga mynd af stöðu þeirra innan ársins.

Þrátt fyrir að fyrirliggjandi upplýsingar um afkomu stofnana sýni umtalsverðan tekjuhalla í ár er ljóst að flestar þeirra hafa ekki gripið til sérstakra aðgerða til að mæta honum. Við nánari eftirgrennslan kom fram að forstöðumenn kvörtuðu yfir því að þrátt fyrir að þeir hafi sent þessar upplýsingar til heilbrigðisráðuneytisins hafi þeim ekki borist fyrirmæli um aðgerðir til að mæta vandanum. Rétt er að geta þess að framangreind lýsing á ekki við um allar stofnanir því fjárhagsvandi þeirra er mismunandi. Að mati Ríkisendurskoðunar er greinilegt að þar sem fjárhagsvandinn er minnstur er fjárstjórnin öflugri og virkari en ella. Heilbrigðisráðuneytið sendi í febrúarmánuði þessa árs bréf til allra stofnana þar sem m.a. voru áréttuð fyrirmæli um að til ráðstöfunar væri aðeins þau framlög sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þá var í bréfi þessu lögð áhersla á að heilbrigðisstofnanir störfuðu innan ramma fjárlaga og bendir ráðuneytið á að þessi fyrirmæli séu bæði skýr og ótvíræð.

## Niðurstöður

Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að aðilum sé ljóst að heimild til að stofna til fjárhagsskuldbindinga miðast við heimildir fjárlaga hverju sinni. Starfsskyldur yfirmanna stofnana ríkisins felast m.a. í því að halda útgjöldum innan ramma heimilda og grípa til viðeigandi ráðstafana í rekstri ef nauðsynlegt reynist til að ná þeim markmiðum. Enn fremur telur stofnunin nauðsynlegt að fram fari endurmat af hálfu stjórnvalda á því fyrirkomulagi sem fjármögnun heilbrigðiskerfisins grundvallast á.



## Framkvæmd kjarasamninga

Eins og getið er um að framan í greinargerð þessari er það mat Ríkisendurskoðunar að orsakar þess fjárhagsvanda sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir nú megi að stórum hluta rekja til launabreytinga.

Kjarasamningar á árinu 1997 voru á margan hátt sérstakir. Í því sambandi má benda á nýja röðun starfsheita, nýja launatöflu og samsetningu. Þá fólu kjarasamningar í sér ramma þar sem stofnunum sjálfum er falin ákvörðun um röðun starfa í launaflokka. Þá voru kjarasamningar að mörgu leyti með óbundna enda. Þessar breytingar kölluðu m.a. fram miklar væntingar heilbrigðisstarfsmanna um hækkun launatekna. Enn fremur var mælt fyrir um það nýmæli að forstöðumenn ríkisstofnana skyldu hafa forystu um frekari útfærslu samninga.

Í viðræðum við forstöðumenn heilbrigðisstofnunar kvörtuðu þeir yfir að ekki hefði verið til staðar nægjanlegur stuðningur stjórnvalda um samræmda framkvæmd kjarasamninga. Þeir höfðu mætt öflugum viðsemjendum í aðlögunarnefnd sem hafði oft valdið því að taflstaðan var ójöfn. Þá höfðu forstöðumenn staðið frammi fyrir því á samningsferlinum að stór hópur starfsmanna hafi sagt upp störfum. Ef uppsagnir hefðu náð fram að ganga blasti við að stofnanirnar gætu ekki sinnt lögboðnu þjónustuhlutverki sínu.

Af hálfu samninganefndar ríkisins, heilbrigðisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins kom fram að efnt hafi verið til fundar með forstöðumönnum, þeim kynnt efni samninga og verklag við framkvæmd þeirra á heimavettvangi. Lögð var rík áhersla á við forstöðumenn að heimildir þeirra til kostnaðarauka vegna aðlögunarsamninga væru bundnar við heimildir fjárlaga.

Í marsmánuði 1998 sagði stór hluti hjúkrunarfræðinga í Reykjavík og nágrenni upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Af hálfu stjórnvalda var skipuð nefnd undir forystu hagstofustjóra ásamt ráðuneytisstjórum heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis til að leysa þessa deilu. Í samráði við stéttarfélag hjúkrunarfræðinga varð að samkomulagi að fela aðlögunarnefnd stofnana framkvæmd nánar tiltekinna atriða. Í fyrsta lagi varð samkomulag um leiðréttingu í röðum hjúkrunarfræðinga í eldra launakerfinu, nýtt launakerfi var tekið upp og nýr röðun í launaflokka. Í öðru lagi skyldi frá og með ársbyrjun 1999 tekið upp nýtt framgangskerfi sem hjúkrunarstjórnendur heilbrigðisstofnana myndu búa til í samvinnu við fulltrúa Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Gert var ráð fyrir að kostnaðarauka vegna framgangssamninga yrði mætt með lækkun kostnaðar með hagræðingaraðgerðum.

## Niðurstöður

Þrátt fyrir það að báðir aðilar hafi að mati Ríkisendurskoðunar nokkuð til síns máls er ljóst að framkvæmd kjarasamninga hefur farið á annan veg en gert var ráð fyrir. Hluti af þeim vanda má rekja til innri stjórnunar hjá ríkinu þ.m.t. á heimavettvangi stofnana og skort á leiðsögn af hálfu ráðuneytanna. Á móti kemur að flestir starfsmenn höfðu miklar væntingar um að breytt fyrirkomulag á kjarasamningum leiddi til hækkunar launa og voru ýmsir starfshópar tilbúnir að ganga frá borði ef ekki næðust viðunandi samningar.

Með tilliti til þeirra niðurstöðu sem liggur fyrir um framkvæmd síðustu kjarasamninga þarf fjármálaráðuneytið að mati Ríkisendurskoðunar að endurmeta allt verklag við framkvæmd þess í ljósi reynslunnar áður en til næstu samningalotu kemur af hálfu hins opinbera.

## Þróun launakostnaðar í heilbrigðiskerfinu 1997 - 1999

### Launabreyting 1997 til 1999

Áætlaður launakostnaður á árinu 1999 nemur 26.698 milljónum króna sem er 13,5% hækkun frá árinu 1998. Hækkun launakostnaðar milli ára 1997 og 1998 varð 22,7%. Þannig hefur launakostnaður heilbrigðisstofnana hækkað frá árinu 1997 til 1999 um 39,3%. Í krónum talið nemur hækkunin 7.532 milljónum króna. Þegar kostnaðarhækkun launa án launatengdra gjalda er ekki meðtalinn kemur í ljós að milli áráanna 1997 og 1998 nam hækkunin 19,7% og 13,3% á milli áráanna 1998 og 1999 eða samtals 35,6%. Í krónum talið hækkaði launakostnaður þannig mældur um 6.017 milljónum króna. Við þann samanburð er hvorki tekið tillit til breytinga á vinnumagni né áhrifa kerfisbreytinga vegna heilsugæslulækna. Í úrskurði kjaranefndar vegna launa heilsugæslulækna voru tilteknar greiðslur sem Tryggingastofnun innti af hendi til þeirra nú greiddar af heilsugæslustöðvum. Lauslegt mat á áhrifum þessara tveggja þátta gæti numið 2 - 3% af heildarhækkun launa á tímabilinu sem hér er til skoðunar.

#### Launasamanburður milli áráanna 1997 til 1999

Í m.kr.	1997	1998	1999	97-98%	98-99%	97-99%
Dagvinna	11.134	13.367	15.440	20,1	15,5	38,7
Yfirlit	3.612	3.998	4.358	10,7	9,0	20,7
Vaktavinna	1.609	2.223	2.523	38,2	13,5	56,8
Önnur laun	563	661	613	17,5	(7,3)	8,9
Laun samtals	16.917	20.249	22.934	19,7	13,3	35,6
Launatengd gjöld	2.249	3.267	3.763	45,3	15,2	67,3
Samtals	19.166	23.516	26.698	22,7	13,5	39,3

Til skýringar er rétt að fram komi að meðalmánaðarlaun lækna hjá stóru sjúrkahúsunum í Reykjavík það sem af er árinu 1999 námu 476 þús. kr. í samanburði við 340 þús. kr. á árinu 1997. Mánaðarlaun hjúkrunarfræðinga mæld á sama hátt voru 239 þús. kr. það sem af er ársins 1999 en 174 þús. kr. á árinu 1997. Meðalmánaðarlaun annarra starfsmanna námu 155 þús. kr. það sem af er ársins 1999 en voru 125 þús. kr. á árinu 1997.

### Framkvæmd kjarasamninga

Við gerð kjarasamninga á árinu 1997 var samið við ýmis stéttarfélög opinberra starfsmanna um að taka upp nýtt launakerfi. Stærsta breytingin fólst í því að röðun starfsheita var felld út úr kjarasamningunum en í staðinn var samið um nýja launatöflu sem opnaði fyrir möguleika á að breyta samsetningu heildarlauna. Launatöflunni var skipt upp í ramma og var í kjarasamningum gróf flokkun á þeim skilyrðum sem störf þyrftu að uppfylla til að flokkast í viðkomandi ramma. Einnig var dregið úr sjálfvirkum hækkunum með því að vægi þrepahækkana og sjálfvirkra tilfærsla var

minnkað. Í kjarasamningunum var kveðið á um að stofnaðar yrðu aðlögunarnefndir sem í áttu sæti fulltrúar starfsmanna og stjórnenda á hverjum vinnustað, en þeim var ætlað að koma sér saman um nánari forsendur á röðun starfa í launaflokka. Ef annar hvor aðili sætti sig ekki við kröfur hins gat hann vísað þeim ágreiningi til úrskurðarnefndar.

Í kjarasamningunum um nýtt launakerfi var kveðið á um að við vörpun úr eldra launakerfi í nýtt skyldi tryggt að enginn lækkaði í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og var sá kostnaður metinn á 2% að meðaltali.

## Launabreytingar hjá læknum

### Sjúkrahúslæknar

Nýr kjarasamningur sjúkrahússlækna tók gildi 1. nóvember 1997. Samkvæmt honum hækkuðu daglaun en yfirvinnu- og vaktþrósentu var að lækkuð. Yfirvinnuhlutfall fór þannig úr 1,0385% af mánaðarlaunum í 0,8165%, og vaktaálag breyttist þannig að 33,33% álag varð 25,95%, 45,0% álag varð 35,38% og 90% álag varð 70,76%.

Þá var sett það ákvæði í samninginn að sérfræðingar sem eru ráðnir í yfir 50% starf á sjúkrahúsi geta óskað eftir fastlaunasamningi en við það hækka laun sérfræðinga um 30% og yfir- og forstöðulækna um 35%. Á móti voru einingar vegna ferliverka fluttar frá Tryggingastofnun ríkisins til sjúkrahúsanna. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur hafa 39% lækna þar valið að gera fastlaunasamning. Hjá Ríkisspítölum voru, þann 1. október 1999, 41,5% þeirra sem áttu kost á fastlaunasamning með greiðslur samkvæmt því, en 29,8% þann 1. nóvember 1997.

Samkvæmt kjarasamningi hækkuðu laun yfirlækna og sérfræðinga á sjúkrahúsum um 4,0% þann 1. janúar 1998, um 3,5% þann 1. janúar 1999 og um 3,0% þann 1. janúar 2000. Laun aðstoðar- og deildarlækna hækkuðu um eitt þrep 1. janúar 1999 sem skilar aðstoðarlæknum 3,0% hækkun og deildarlæknum 3,5%. Þá hækka laun þessa hóps um 3,0% þann 1. janúar 2000.

### Heilsugæslulæknar

Kjaranefnd var með lögum nr. 150/1996 falið að úrskurða um laun og starfskjör heilsugæslulækna og gerði hún það þann 3. mars 1998. Í honum kemur m.a. fram að heilsugæslulæknar hafi, auk launa samkvæmt kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð og Læknafélags Íslands vegna fastráðinna lækna, fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og sjúklingum sínum. Greiðslur frá Tryggingastofnun voru samkvæmt gjaldskrársamningi hennar og Læknafélags Íslands um gjaldskrá fyrir almenna læknishjálpi veitta á heilsugæslustöðum. Einnig segir í úrskurðinum að í viðræðum nefndarinnar við fulltrúa lækna og fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hafið komið fram að báðir aðilar hafi viljað auka vægi mánaðarlauna á kostnað gjaldskrárgreiðslna.

Niðurstaða kjaranefndar varð sú að hækka laun heilsugæslulækna verulega en draga úr gjaldskrárgreiðslum á móti. Þannig hækkaði taxti mánaðarlauna yfir 130% þó að áætluð kostnaðarbreyting að teknu tilliti til lækkunar á gjaldskrárgreiðslum hafi verið á bilinu 4,3% til 46%.



## Launabreytingar hjá hjúkrunarfræðingum

Í kjarasamningi hjúkrunarfræðinga var samið um að taka upp nýtt launakerfi frá 1. febrúar 1998. Frá 1. maí 1997 hækkaði launatafla félagsins um 4,7% og aftur um 4% frá 1. janúar 1998. Nýtt launakerfi með nýrri launatöflu gildi frá 1. febrúar 1998, taxtar í henni hækkuðu síðan þann 1. apríl um 1,5% og gildi sú hækkun frá 1. febrúar. 1. janúar 1999 hækkaði launataflan um 3,5% og mun hækka um 3% þann 1. janúar 2000. Kostnaður við vörpun úr gamla launakerfinu í nýtt var áætlaður rúm 2%.

Stór hluti af hjúkrunarfræðingum sem störfuðu á Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur sagði upp störfum í mars 1998 í framhaldi af því að sjúkrahúsin voru ekki reiðubúin að ganga frá aðlögunarnefndarsamningi samkvæmt kröfum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í kjölfar þess var skipuð sérstök nefnd til að leysa það vandmála sem varð vegna uppsagnanna. Nefndin var undir forystu hagstofustjóra en auk hans voru í henni ráðuneytisstjórar heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Eftir að hafa farið yfir málið og talað við flesta hagsmunaaðila gerði nefndin tillögu um að mál hjúkrunarfræðinga yrðu afturkölluðu úr úrskurðarnefnd og að sjúkrahúsin og félagið gengju frá aðlögunarnefndarsamkomulagi sem yrði byggt á tillögum nefndarinnar.

Byrjað var á að samræma kjör hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur þannig að hluti af þeim sem voru í stöðugildum almennra hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölum og röðuðust samkvæmt því í launaflokk 207 í gamla launakerfinu var færður í launaflokk 210 frá 1. febrúar 1998. Kostnaður við þessa samræmingu var áætlaður 1%. Eftir þessa aðgerð var hjúkrunarfræðingum varpað yfir í nýtt launakerfi frá 1. febrúar 1998. Kostnaður við það var 3%. Frá 1. júlí 1998 tók síðan gildi nýtt röðunarkerfi sem átti að leiða til þess að 25% hjúkrunarfræðinga væru í ramma A en 75% í ramma B og C. Kostnaður við það var áætlaður 12,7%.

Frá 1. janúar 1999 var byrjað að taka upp framgangskerfi sem samið var um í aðlögunarnefndarsamningi aðila frá 30. júní 1998 og var það mótað af hjúkrunarstjórnendum RSP og SHR í samráði við fulltrúa Félags íslenskrar hjúkrunarfræðinga. Stefna á að því að kerfið verði komið að fullu í framkvæmd í lok ársins. Samkvæmt aðlögunarnefndarsamningnum á kerfið m.a. að byggja á klínískum stiga, mati á álagi og menntun, þar með talið sérleyfum. Einnig segir að sú hagræðing sem kerfið leiði til muni koma hjúkrunarfræðingum til góða í launum. Af þeim gögnum sem eru fyrirbyggjandi verður ekki annað séð en reiknað hafi verið með því að framgangskerfið ætti ekki að auka kostnað. En þrátt fyrir að talið væri að nýtt framgangskerfi myndi kosta sig sjálft þá verður sú kostnaðaraukning sem orðið hefur á milli árána 1998 og 1999 og er umfram taxtabreytingu samkvæmt kjarasamningi upp á 3,5% og smávægilega magnaukningu varla skýrð með öðrum hætti en nýju framgangskerfi. Samkvæmt upplýsingum frá RSP þá röðuðust rúm 94% hjúkrunarfræðinga í ramma B og C í nóvember 1999 en reiknað var með 75% við gildistöku á nýju röðunarkerfi 1. júlí 1998.

## Launabreytingar hjá öðrum starfsstéttum

Launabreytingar annarra stétta sem sömdu um nýtt launakerfi fólust í 4,7% upphafshækkun, 4% hækkun 1. janúar 1998, 1,5% hækkun um það bil mánuði eftir gildistöku nýs launakerfis, 3,5% hækkun 1. janúar 1999 og 3,0% hækkun 1. janúar 2000. Vörpunarkostnaður var metin 2% að meðaltali.

Komið hefur fram að að fjármálaráðherra hafi heimilað Ríkisspítölum að kostnaður við gerð aðlögunarnefndarsamnings við Starfsmannafélag ríkisstofnana mætti fara allt að 3% umfram almennar forsendur.

Í upplýsingum frá Ríkisspítölum kemur fram að meinatæknar hafi í kjölfar uppsagna þeirra hækkað um 12% umfram almennar breytingar. Á sama tíma og kaflinn um vaktavinnu tók gildi þann 1. febrúar 1998, hækkaði launatala nr. 1 í launatöflu meinatækna um kr. 5.000. Í kjarasamningi röntgentækna var samið um að launatala nr. 1 í þeirra launatöflu hækkaði um kr. 2.500 frá sama tíma og kaflinn um vaktavinnu tók gildi þann 1. mars 1998.

Tvö stéttarfélag sem nær eingöngu starfa á heilbrigðisstofnunum sömdu ekki um nýtt launakerfi og því ættu launabreytingar þeirra að vera alfarið í samræmi við breytingar á kjarasamningum.

Þetta eru annars vegar Sjúkraliðafélag Íslands sem samdi um upphafshækkun á launatöflu sem var 6,42% og gildi frá 1. ágúst 1998, 4% 1. janúar 1998, 3,5% 1. janúar 1999 og 3,0% 1. janúar 2000. Breytt röðun samkvæmt kjarasamningi sem gildir frá 1. apríl 1998 var metin á 3,5%.

Hins vegar er Starfsmannafélagið Sókn (nú Efling, stéttarfélag) sem samdi um 8,84% upphafshækkun á launatöflu en að öðru leyti almennar taxtahækkanir.

## Niðurstöður

Eins og fram hefur komið hér að framan í greinargerð þessari er meginskýringuna á þeim tekjuhalla sem áætlaður er hjá heilbrigðisstofnunum á árinu 1999 að rekja til launakostnaðar umfram heimildir fjárlaga. Orsakir þessa vanda má að mati Ríkisendurskoðunar rekja til eftirtalinna atriða:

- Í fyrsta lagi var áætlað að kostnaðarbreyting vegna læknasamninga frá árinu 1997 til 1999 næmi um 25%. Kostnaðarhækkun hefur aftur á móti orðið 10 - 15% meiri í framkvæmd.
- Í öðru lagi var áætlað að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga frá árinu 1997 til ársloka 1999 yrði um 22%. Hins vegar hefur hækkunin orðið um 10-12% meiri. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að ekki eru allar heilbrigðisstofnanir búnar að semja um svokallað framgangskerfi.

- Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að hækkun launakostnaðar hjá öðrum starfshópum heilbrigðisstofnana á nefndu árabili yrði um tæp 17%. Hækkunin hefur á hinn bóginn orðið um 6% meiri.

Að öllu þessu samanlögðu er það mat Ríkisendurskoðunar að framkvæmd launasamninga á vettvangi stofnana sjálfra hafi verið mjög á annan veg en samninganefnd ríkisins gerði ráð fyrir. Ríkisendurskoðun mun af þessu tilefni kanna á næstunni enn frekar verklag við framkvæmd kjarasamninga hjá þeim heilbrigðisstofnunum sem hér eru til skoðunar.



## **Fylgiskjal 1 - Tekjuafkoma sjúkrastofnana á árinu 1999 samtals**

- a. Samanburður á fjárlögum 1999 við áætlaða afkomu heilbrigðisstofnana á árinu ásamt tekjuhalla frá fyrra ári.



## Tekjuafkoma sjúkrastofnana á árinu 1999 samtals

Allir flokkar	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	2.481.800	-21.164.500	-11.097.700	-29.780.400	29.780.400	0	0	0
Útkoma	-2.028.115	23.636.730	13.133.294	34.741.910	-31.111.308	3.630.602	-586.174	4.216.776
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>453.685</b>	<b>2.472.230</b>	<b>2.035.594</b>	<b>4.961.510</b>	<b>-1.330.908</b>	<b>3.630.602</b>	<b>-586.174</b>	<b>4.216.776</b>

Deildaskipt sjúkrahús	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	1.933.800	-14.744.800	-6.077.200	-18.888.200	18.888.200	0	0	0
Útkoma	-1.338.657	16.118.189	7.410.371	22.189.904	-19.940.383	2.249.521	-122.334	2.371.855
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>595.143</b>	<b>1.373.389</b>	<b>1.333.171</b>	<b>3.301.704</b>	<b>-1.052.183</b>	<b>2.249.521</b>	<b>-122.334</b>	<b>2.371.855</b>

Sjúkra- og heilsugæslustöðvar	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	209.900	-2.329.600	-691.400	-2.811.100	2.811.100	0	0	0
Útkoma	-214.930	2.558.768	796.524	3.140.362	-2.877.600	262.762	-226.841	489.603
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>-5.030</b>	<b>229.168</b>	<b>105.124</b>	<b>329.262</b>	<b>-66.500</b>	<b>262.762</b>	<b>-226.841</b>	<b>489.603</b>

Fylgiskjal 1 - Tekjuafkoma sjúkrastofnana á árinu 1999 samtals

Heilsugæslustofnanir	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	256.200	-1.694.700	-456.300	-1.894.800	1.894.800	0	0	0
Útkoma	-240.110	2.046.285	619.833	2.426.008	-2.072.994	353.014	-33.273	386.287
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>16.090</b>	<b>351.585</b>	<b>163.533</b>	<b>531.208</b>	<b>-178.194</b>	<b>353.014</b>	<b>-33.273</b>	<b>386.287</b>

  

Hjúkrunarheimili	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	81.900	-2.395.400	-985.000	-3.298.500	3.298.500	0	0	0
Útkoma	-234.418	2.913.488	1.035.034	3.714.104	-3.325.200	388.904	-103.027	491.931
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>-152.518</b>	<b>518.088</b>	<b>50.034</b>	<b>415.604</b>	<b>-26.700</b>	<b>388.904</b>	<b>-103.027</b>	<b>491.931</b>

  

Daggjaldastofnanir	Sértekjur	Launagjöld	Önnur gj	Afkoma	Framlag	Útkoma	Frá f. ári	Tekjuafk.
Fjárlög	0	0	-2.887.800	-2.887.800	2.887.800	0	0	0
Útkoma	0	0	3.271.533	3.271.533	-2.895.131	376.402	-100.699	477.101
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>383.733</b>	<b>383.733</b>	<b>-7.331</b>	<b>376.402</b>	<b>-100.699</b>	<b>477.101</b>



## **Fylgiskjal 2 - Áætluð útkoma 1999 og rekstur 1998 samtals**

- b. Samanburður á rekstrarniðurstöðu ársins 1998 við áætlaða útkomu ársins 1999.



## Áætluð útkoma 1999 og rekstur 1998 samtals

Allir flokkar	Útkoma 1999	Rekstur 1998	Mismunur	Frávik
Sértekjur	-2.286.282	-2.629.228	342.946	-13,0%
Launagjöld	26.483.016	23.430.721	3.052.296	13,0%
Önnur gjöld	11.288.122	10.024.238	1.263.884	12,6%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>35.484.856</b>	<b>30.825.730</b>	<b>4.659.126</b>	<b>15,1%</b>

Deildaskipt sjúkrahús	Útkoma 1999	Rekstur 1998	Mismunur	Frávik
Sértekjur	-1.338.657	-1.499.110	160.454	-10,7%
Launagjöld	16.118.189	14.315.173	1.803.016	12,6%
Önnur gjöld	7.410.371	6.441.615	968.756	15,0%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>22.189.903</b>	<b>19.257.678</b>	<b>2.932.225</b>	<b>15,2%</b>

Sjúkra- og heilsug.st.	Útkoma 1999	Rekstur 1998	Mismunur	Frávik
Sértekjur	-214.930	-228.734	13.803	-6,0%
Launagjöld	2.558.767	2.333.412	225.356	9,7%
Önnur gjöld	796.524	802.940	-6.416	-0,8%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>3.140.361</b>	<b>2.907.619</b>	<b>232.743</b>	<b>8,0%</b>

Heilsugæslustofnanir	Útkoma 1999	Rekstur 1998	Mismunur	Frávik
Sértekjur	-240.110	-300.166	60.056	-20,0%
Launagjöld	2.001.256	1.640.016	361.240	22,0%
Önnur gjöld	664.862	568.529	96.333	16,9%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>2.426.008</b>	<b>1.908.378</b>	<b>517.629</b>	<b>27,1%</b>

Hjúkrunarheimili	Útkoma 1999	Rekstur 1998	Mismunur	Frávik
Sértekjur	-234.418	-272.169	37.751	-13,9%
Launagjöld	2.913.488	2.614.641	298.847	11,4%
Önnur gjöld	1.035.034	929.321	105.713	11,4%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>3.714.104</b>	<b>3.271.792</b>	<b>442.312</b>	<b>13,5%</b>

Fylgiskjal 2 - Áætluð útkoma 1999 og rekstur 1998 samtals

<b>Daggjaldastofnanir</b>	<b>Útkoma 1999</b>	<b>Rekstur 1998</b>	<b>Mismunur</b>	<b>Frávik</b>
Sértekjur	-258.167	-329.049	70.882	-21,5%
Launagjöld	2.891.316	2.527.479	363.837	14,4%
Önnur gjöld	1.381.332	1.281.833	99.499	7,8%
<b>Samtals allar stofnanir</b>	<b>4.014.480</b>	<b>3.480.263</b>	<b>534.217</b>	<b>15,3%</b>

### **Fylgiskjal 3 - Launaútgjöld 1997 - 1999 samtals**

- c. Samanburður á launaútgjöldum ársins 1997 til 1999.  
Fjárhæðir ársins 1999 eru áætlaðar.



## Launaútgjöld 1997 - 1999 samtals

### Allar sjúkrastofnanir

### Launaútgjöld í þús. kr.

Tegund	1997	1998	1999	97-98%	98-99%	97-99%
Dagvinna	11.133.512	13.366.729	15.440.483	20,1%	15,5%	38,7%
Yfirvinna	3.611.900	3.997.941	4.358.180	10,7%	9,0%	20,7%
Vaktavinna	1.608.751	2.222.839	2.522.679	38,2%	13,5%	56,8%
Önnur laun	563.052	661.453	613.038	17,5%	-7,3%	8,9%
Laun samtals	16.917.215	20.248.963	22.934.380	19,7%	13,3%	35,6%
Launatengd gjöld	2.248.966	3.266.823	3.763.188	45,3%	15,2%	67,3%
<b>Samtals</b>	<b>19.166.181</b>	<b>23.515.786</b>	<b>26.697.568</b>	<b>22,7%</b>	<b>13,5%</b>	<b>39,3%</b>

### Deildaskipt sjúkrahús samtals

### Launaútgjöld í þús. kr.

Tegund	1997	1998	1999	97-98%	98-99%	97-99%
Dagvinna	6.422.823	7.810.901	9.069.206	21,6%	16,1%	41,2%
Yfirvinna	2.597.153	2.832.131	3.138.473	9,0%	10,8%	20,8%
Vaktavinna	939.613	1.338.249	1.509.913	42,4%	12,8%	60,7%
Önnur laun	237.006	224.223	118.754	-5,4%	-47,0%	-49,9%
Laun samtals	10.196.595	12.205.504	13.836.345	19,7%	13,4%	35,7%
Launatengd gjöld	1.360.794	2.011.112	2.281.844	47,8%	13,5%	67,7%
<b>Samtals</b>	<b>11.557.389</b>	<b>14.216.616</b>	<b>16.118.189</b>	<b>23,0%</b>	<b>13,4%</b>	<b>39,5%</b>

### Sjúkra- og heilsugæslustöðvar samtals

### Launaútgjöld í þús. kr.

Tegund	1997	1998	1999	97-98%	98-99%	97-99%
Dagvinna	1.116.873	1.261.611	1.352.801	13,0%	7,2%	21,1%
Yfirvinna	331.124	358.055	323.250	8,1%	-9,7%	-2,4%
Vaktavinna	254.963	359.113	460.912	40,8%	28,3%	80,8%
Önnur laun	23.947	37.261	50.333	55,6%	35,1%	110,2%
Laun samtals	1.726.907	2.016.040	2.187.296	16,7%	8,5%	26,7%
Launatengd gjöld	218.029	317.548	371.452	45,6%	17,0%	70,4%
<b>Samtals</b>	<b>1.944.936</b>	<b>2.333.588</b>	<b>2.558.747</b>	<b>20,0%</b>	<b>9,6%</b>	<b>31,6%</b>

**Heilsugæslustöðvar samtals****Launaútgjöld í þús. kr.**

<b>Tegund</b>	<b>1997</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>97-98%</b>	<b>98-99%</b>	<b>97-99%</b>
Dagvinna	773.753	1.048.657	1.358.376	35,5%	29,5%	75,6%
Yfirvinna	120.292	133.091	161.469	10,6%	21,3%	34,2%
Vaktavinna	72.626	108.142	112.829	48,9%	4,3%	55,4%
Önnur laun	41.798	103.545	102.789	147,7%	-0,7%	145,9%
Laun samtals	1.008.470	1.393.435	1.735.463	38,2%	24,5%	72,1%
Launatengd gjöld	134.485	245.195	297.075	82,3%	21,2%	120,9%
<b>Samtals</b>	<b>1.142.954</b>	<b>1.638.631</b>	<b>2.032.538</b>	<b>43,4%</b>	<b>24,0%</b>	<b>77,8%</b>

**Hjúkrunarheimili samtals****Launaútgjöld í þús. kr.**

<b>Tegund</b>	<b>1997</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>97-98%</b>	<b>98-99%</b>	<b>97-99%</b>
Dagvinna	1.390.835	1.640.656	1.821.317	18,0%	11,0%	31,0%
Yfirvinna	298.951	354.541	378.626	18,6%	6,8%	26,7%
Vaktavinna	173.823	225.411	225.978	29,7%	0,3%	30,0%
Önnur laun	58.987	65.424	85.619	10,9%	30,9%	45,1%
Laun samtals	1.922.595	2.286.032	2.511.540	18,9%	9,9%	30,6%
Launatengd gjöld	267.401	340.204	406.129	27,2%	19,4%	51,9%
<b>Samtals</b>	<b>2.189.996</b>	<b>2.626.236</b>	<b>2.917.668</b>	<b>19,9%</b>	<b>11,1%</b>	<b>33,2%</b>

**Daggjaldastofnanir samtals****Launaútgjöld í þús. kr.**

<b>Tegund</b>	<b>1997</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>97-98%</b>	<b>98-99%</b>	<b>97-99%</b>
Dagvinna	1.429.228	1.604.905	1.838.783	12,3%	14,6%	28,7%
Yfirvinna	264.381	320.123	356.363	21,1%	11,3%	34,8%
Vaktavinna	167.726	191.924	213.047	14,4%	11,0%	27,0%
Önnur laun	201.314	231.000	255.544	14,7%	10,6%	26,9%
Laun samtals	2.062.648	2.347.951	2.663.737	13,8%	13,4%	29,1%
Launatengd gjöld	268.257	352.764	406.689	31,5%	15,3%	51,6%
<b>Samtals</b>	<b>2.330.906</b>	<b>2.700.715</b>	<b>3.070.425</b>	<b>15,9%</b>	<b>13,7%</b>	<b>31,7%</b>